

Þriðjudaginn 5. maí 1998.

Nr. 175/1998. **X**

(Sigurður Eiríksson hdl.)

gegn

Y

(enginn)

Kærumál. Nauðungarvistun. Aðild. Dómtúlkur. Ómerking úrskurðar héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. apríl 1998, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um, að felld yrði úr gildi nauðungarvistun hennar á sjúkrahúsi, sem varnaraðili, móðir hennar, bað um 20. apríl og dóms- og kirkjumálaráðuneytið samþykkti 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 31. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. lögræðisлага nr. 71/1997. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að nauðungarvistunin verði felld niður. Hún krefst og kærumálskostnaðar úr rfkissjóði með vísan til 1. mgr. 17. gr. lögræðisлага.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

I.

Sóknaraðili styður kröfu sína þeim rökum, að engin þörf sé á nauðungarvistun samkvæmt þeim gögnum, sem fram hafi verið lögð. Ekki hafi verið lögð fram vottorð frá sérfræðingum á sviði geðlækninga, heldur aðeins byggt á vottorðum almennra lækna, og ekki hafi komið fram með óyggjandi hætti, að nauðungarvistun væri nauðsynleg vegna þess, að hún væri hættuleg sjálfri sér eða umhverfi sínu. Hún gerir auk þess þá athugasemd, að sér hafi ekki verið fenginn dómtúlkur til að koma með sér fyrir dóm, en hún tali ensku og hafi ekki skilið mál það, sem þar hafi verið talað. Skjöl hafi ekki heldur verið lögð fram í enskri þýðingu.

Héraðsdómari þingaði í málinu 24. apríl sl. og tók fyrir beiðni

sóknaraðila um niðurfellingu nauðungarvistunar. Sóknaraðili var þá viðstödd ásamt lögmanni, er skipaður var talsmaður hennar, sbr. 1. mgr. 31. gr. lögræðislaga. Um sóknaraðila og kröfu hennar var þetta eitt bókað, áður en málið var tekið til úrskurðar:

„Aðspurð af dómara kveðst hún ekki vera veik og telur sig þar af leiðandi ekki eiga að vera á spítala og krefst þess, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 22. þ. m. um vistun hennar á spítala verði úr gildi felldur. Lögmaður X tekur undir það sjónarmið hennar, að ákvörðun dómsmálaráðuneytisins verði úr gildi felld. Lögmaður konunnar mótmælir því, að ekki skuli hafa verið til kvaddur túlkur.“

II.

Í III. kafla lögræðislaga eru ýtarleg ákvæði um nauðungarvistun, skilyrði hennar og meðferð mála. Í 30. gr. laganna er fjallað um rétt sjálfráða manns til að bera ákvörðun um nauðungarvistun og þvingaða meðferð í sjúkrahúsi undir dómstóla. Í kröfu sóknaraðila um niðurfellingu nauðungarvistunarinnar kemur fram, að krafan er um, að dómurinn felli úr gildi fyrrnefnt samþykki dómsmálaráðuneytisins. Ástæður kröfunnar eru tilgreindar þær, að skilyrði 3. mgr. 19. gr. laganna komi ekki til greina. Sérstaklega er tekið fram, að vegna ónógrar kunnáttu í íslensku óski sóknaraðili eftir því, að sér verði séð fyrir túlki við flutning málsins.

Í 31. gr. laganna er fjallað um málsmeðferð fyrir dómi. Þar er í 4. mgr. kveðið á um, að mál fari eftir II. kafla laganna, eftir því sem við á, en hann fjallar um sviptingu lögræðis. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna sæta þau mál almennri meðferð einkamála með þeim frávikum, sem greinir í lögum þessum.

III.

Svo sem fyrr greinir, tók dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákvörðun um nauðungarvistun sóknaraðila að beiðni varnaraðila. Þessa ákvörðun er sóknaraðila heimilt að bera undir dómstóla, sbr. 1. mgr. 30. gr. lögræðislaga. Beiðandi nauðungarvistunar er aðili að málinu og hefði því að réttu átt að vera varnaraðili í héraði. Ekki verður séð, að héraðsdómari hafi gefið varnaraðila kost á að láta málið til sín taka. Sóknaraðili fór fram á, að túlkur yrði til kvaddur, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda átti hún

rétt á að gefa skýrslu fyrir dómi og að málið færi eftir almennum reglum um meðferð einkamála um gagnaöflun, eftir því sem við átti. Með því að taka málið til úrskurðar án þess að gefa sóknaraðila kost á að tjá sig skiljanlega um kröfur og gagnaöflun virti héraðsdómari ekki reglur 10. gr. og 48. gr. laga nr. 91/1991.

Pegar af þeim ástæðum, sem að framan greinir, verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til meðferðar að nýju.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga skal kærumálskostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar að nýju.

Kærumálskostnaður sóknaraðila, X, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns hennar, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. apríl 1998.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, er til komið vegna kröfu X ..., f. 1967, með aðsetur að ..., að úr gildi verði felld nauðungarvistun hennar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, er dómsmálaráðuneytið veitti samþykki til 22. þ. m.

Með bréfi, dagsettu 20. þ. m., fer Y ..., Akureyri, þess á leit, að dóttir sín verði vistuð á geðdeild gegn vilja hennar samkvæmt 18. gr. laga nr. 71/1997 með vísan til læknisvottorðs Hilmis Jóhannssonar.

X telur sig vera alheilbrigða og sér haldið ranglega á sjúkrahúsi.

Í bréfi, er móðir X ritar og er á dskj. nr. 5, segir hún dóttur sína haldna alvarlegum geðsjúkdómi og vegna þessa sjúkdóms hafi hún verið vistuð gegn vilja hennar á geðdeild fylkissjúkrahúss í Baltimore í Maryland í Bandaríkjunum í ágúst sl. Að lokinni nokkurra vikna dvöl þar hafi hún komið til Íslands í heimsókn og hafi haft dvalarleyfi til 12. desember. Í byrjun hafi hún lofað öllu fögru um að taka lyf, en síðan hafi Y orðið vör við, að hún hafi ekki gert það og ástand hennar farið smáversnandi, sem lýsi sér í eftirfarandi: Að X sé mjög ör og æst og reiðist að tilefnislausu, og í fyrria haust hafi hún margoft lagt á sig hendur og hafi þá verið vistuð gegn vilja sínum á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í desember 1997.

Í læknisvottorði Hilmis Jóhannssonar á dskj. nr. 9, dags. 21. þ. m., rekur hann sjúkrasögu X þannig: „Kemur í fylgd móður sinnar. Ólafur H. Odds-son er einnig viðstaddur. Kemur til mats á geðheilsu. Hún hefur engin lyf tekið frá því í janúar, taldi sig fitna af þeim og hætti þess vegna. Ekki haft samband við Sigmund Sigfússon geðlækni síðan í janúar heldur. Neitar öllum sjúkdómum nema naglbreytingum á fingrum, sem gætu svarað til psoriasis. Virðist ekkert innsæi hafa í geðsjúkdóm sinn. Er æst og á erfitt með að stilla sig, en tekst það þó nokkurn veginn. Neitar, að dyrum sé lokað, vill hafa þær upp á gátt, enda þótt óviðkomandi fólk sé fyrir utan. Endurtekur sömu hlutina um glataðan farangur, sem hún vill skýra fyrri sjúkrahúsvistir með. Viðurkennir rifrildi við móður sína, en neitar líkamlegum átökum og því að hafa hindrað för móður sinnar úr íbúð móðurinnar. X talar í belg og biðu, en heldur nokkurn veginn þræði. Tekur þó engum rökum eða ábendingum. Hún er snyrtileg og vel til höfð, stutt í spuna og tortryggin. Hún kemur fyrir sem klárlega hýpermanísk eða jafnvel manísk. Vafi leikur á, hvort hún sé hættuleg sjálfri sér eða öðrum. Þá hefur hún greinilega engan eigin fjárhag og á því sviði algjörlega háð móður sinni. Hún hefur margreynt að fá vinnu, en er alls staðar hafnað, að öllum líkindum vegna andlegs ástands síns. Heilsu hennar og velferðar vegna færi best á því, að hún vistaðist á geðdeild til meðferðar, en hún neitar því algerlega og einnig viðtali við geðlækni. Vegna alls þessa er því farið fram á nauðungarvistun.“

Sjúkdómsgreining læknisins er F 31.1 Bipolar affective disorder, current episode manic without psychotic symptoms.

Á dskj. nr. 7, sem er vottorð sama læknis, dags. 22. þ. m., segir hann það mat sitt, að nauðungarvistun þessa sjúklings sé óhjákvæmileg.

Það er álit dómsins, að ekkert sé fram komið, er hnekki mati læknisins Hilmis Jóhannssonar, og stendur því ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 22. þ. m. óhöggð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Nauðungarvistun X ..., f. 1967, samkvæmt ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 22. apríl 1998 er óhöggð.

Málskostnaður verjanda hennar, Sigurðar Eiríkssonar hdl., 20.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.